

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör seðlabankastjóra

I.

Samkvæmt b. lið 28. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, sbr. 6. gr. laga nr. 87/2009, ákveður kjararáð laun og starfskjör seðlabankastjóra.

II.

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 var seðlabankastjóra tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var seðlabankastjóra gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettum sama dag var fjármálaráðuneytinu, efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og bankaráði Seðlabanka Íslands gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra aðila sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör seðlabankastjóra.

Svar barst frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu með bréfi dags. 12. september 2012. Í bréfinu segir að staða seðlabanka sé mjög sérstæð. Þeim sé falið að reka peningamálastefnu ríkisstjórna og hafa þannig afgerandi áhrif á framvindu efnahagsmála og þar með starfsskilyrði atvinnulífs og lífskjör almennings. Auk þessa séu seðlabönkum iðulega falin ýmiss eftirlitsstörf. Í tilviki Seðlabanka Íslands megi nefna framkvæmd laga um gjaldeyrismál og afmörkuð verkefni sem tengist eftirliti, einkum með lausafjár- og gjaldeyrisstöðu banka. Þá sé ótalin aðkoma Seðlabanka Íslands að málefnum greiðslumiðlunar, bæði innanlands og við útlönd. Í bréfinu segir að við mat á launakjörum sé hvorki æskilegt né eðlilegt að setja allar ríkisstofnanir undir sama hatt og stefna að innbyrðis samræmi milli launakjara forstjóra allra ríkisstofnana. Eðlislíkar stofnanir sé þó hægt að flokka saman, svo sem Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið. Jafnframt sé þó nauðsynlegt að líta til sérstöðu hvernar stofnunar fyrir sig. Við flokkun telur ráðuneytið að líta beri til ríkisstofnunar í heild sinni og þeirra áhrifa sem starfsemi hennar hefur á almenning og atvinnulíf í landinu. Þá kemur fram að eðli máls samkvæmt reyni mikið á seðlabankastjóra við að byggja upp það traust á innlendum og erlendum vettvangi sem glataðist við hrun hins innlenda fjármálakerfis og þeirra fjármálalegu skakkafalla sem bankinn varð fyrir því samfara. Segir jafnframt að ráðuneytið fái ekki séð að það þjóni heildarhagsmunum Íslands að horft sé á starf seðlabankastjóra í heildarsamhengi við störf forstöðumanna allra annarra ríkisstofnana. Traust erlendra fjármálamarkaða á hinum innlendu eftirlitsstofnunum og framkvæmdaaðilum skipti miklu máli varðandi lánskjör ríkissjóðs og einkafyrirtækja erlendis.

Telur ráðuneytið að þessir hagsmunir vegi þyngra en innbyrðis tölulegt samræmi launakjara forstjóra ólíkra ríkisstofnana.

Svar barst frá bankaráði Seðlabanka Íslands með bréfi dagsettu 3. september 2012. Í bréfinu kemur ekki fram efnisleg afstaða til málsins.

Svar barst frá seðlabankastjóra með bréfi dagsettu 14. september 2012. Í bréfinu kemur fram að endurskoðun launakjara seðlabankastjóra eigi að leiða til þess að sambærilegar breytingar til hækkunar verði á launum seðlabankastjóra og urðu á launum annarra sem undir ráðið heyra hinn 1. október 2011. Heildarlaun seðlabankastjóra færu þannig sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun kjararáðs. Seðlabankastjóri telur aðra niðurstöðu ekki samræmast jafnræðissjónarmiðum eða teljast vera málefnaleg. Í bréfinu segir einnig að fyrri ákvörðun kjararáðs taki ekki nægjanlegt tillit til séreðlis starfs seðlabankastjóra. Seðlabankinn sé allt í senn, banki, stjórnarsýslu- og eftirlitsstofnun og rannsóknarsetur. Þessu til viðbótar eigi bankinn tvö dótturfélög á sviði eignaumsýslu og á sviði greiðslumiðlunar. Starfsemi þeirra sé á ábyrgð seðlabankastjóra. Starfsemi bankans sé fjölþætt og geri miklar kröfur til yfirstjórnenda hans. Alls heyri tíu framkvæmdastjórar beint undir seðlabankastjóra en tveir undir stjórnir dótturfélaga sem seðlabankastjóri skipi. Umsvif bankans séu mikil; efnahagsreikningur í lok árs 2011 hafi verið 1.581 milljarðar króna eða um 40% stærri en stærsta viðskiptabankans. Fram kemur að verkefni og umsvif hafa aukist mjög frá hruni á árinu 2008. Megi þar nefna verkefni er lúti að gjaldeyriseftirliti, eignaumsýslu og umsókn um aðilda að Evrópusambandinu. Þá beri að hafa í huga að seðlabankastjóra sé ekki heimilt að gegna öðrum störfum. Hann megði aðeins skipa í tvö tímabil það er alls tíu ár í starfi. Starf seðlabankastjóra sé aðeins að hluta til stjórnunarstarf. Hann leiði víðtæka stefnumótunarvinnu á margvíslegum sviðum, hann þurfi að hafa gott faglegt vald á helstu viðfangsefnum bankans og getu til að skrifa um þau og ræða af myndugleik, hann þurfi að halda faglegar ræður og skrifa greinar, einnig á erlendum vettvangi. Telur seðlabankastjóri að afla þurfi ítarlegra upplýsinga um alla þessa þætti áður en ákvörðun um launakjör er tekin. Einnig verði að líta til launakjara einstaklinga í sambærilegri stöðu á einkamarkaði með tilliti til starfa og ábyrgðar. Ekki sé lagaheimild til þess að breyta einingafjölda einhliða án tillits til þess hvort breyting hafi átt sér stað á þeim viðmiðum sem lögð voru til grundvallar einingafjölda. Engar breytingar hafi átt sér stað í starfi seðlabankastjóra sem leitt geti til fækkunar eininga.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk seðlabankastjóri send svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra.

Í bréfi seðlabankastjóra dagsettu 21. október 2012 mótmælir hann því að Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið séu sett í sama flokk líkt og gert sé í bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Starfsemi Seðlabankans sé víðfeðmari, hann starfi á mörgum málavíðum en verkefni hinna tveggja stofnananna séu afmarkaðri. Lykiltölur úr rekstri bankans sýni þetta.

III.

Seðlabanki Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 36/2001 og er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Í 3. gr. laganna segir að meginmarkmið Seðlabanka Íslands sé að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal og stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu. Bankinn skal meðal annars varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þar með talið greiðslukerfi innanlandsog við útlönd. Í 22. gr. laganna segir að yfirstjórn Seðlabankans sé í höndum ráðherra og bankaráðs. Ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans eru teknar af peningastefnunefnd, sem skipuð er fimm

mönnum og er seðlabankastjóri formaður nefndarinnar. Peningastefnunefnd er ályktunarhæf ef fjórir af fimm fulltrúum sitja fund. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar seðlabankastjóra til fimm ára í senn. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Aðeins er heimilt að skipa sama mann seðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögunum.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal seðlabankastjóra. Jafnframt var svo kveðið á í lögum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljótast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrnt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað seðlabankastjóra laun sama dag. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfi hans. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áðurnefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögum.

Seðlabanki Íslands er ein af mikilvægustu stofnunum ríkisins og gegnir lykilhlutverki í efnahagslífinu. Bankanum er ætlað að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Með hliðsjón af framansögðu telur kjararáð tilefni til að hækka heildarlaun seðlabankastjóra. Einingaverð hækkar og verður hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001 sem gilda um laun og starfskjör seðlabankastjóra.

Laun og starfskjör seðlabankastjóra skulu vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun seðlabankastjóra vera samkvæmt launaflokki 502-142, nú 966.535 krónur. Að auki skal greiða honum 80 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi seðlabankastjóri haldið bifreiðahlunnindum sínum og kjósi að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör seðlabankastjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson